

## Foreldrafélag Flúðaskóla

Aðalfundur haldinn í matsal skólans mánudaginn 3. október 2016 kl. 20:30

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Sigríður Björk stýrir fundi og Karl ritar fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar

Skýrslu stjórnar flytur fráfarandi formaður félagsins, María Magnúsdóttir.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

María Magnúsdóttir leiddi fundarmenn í gegnum rekstrarreikninginn. Hann samþykktur.

4. Kosning í stjórn félagsins

Allir í sitjandi stjórn bjóða sig fram aftur. Fundurinn styður þá tillögu og er hún samþykkt með lófataki.

5. Kosning tveggja varamanna í stjórn félagsins

Silke Leyk býður sig fram í varastjórn og fundurinn stingur utan upp á Stefáni Þorleifssyni í Brautarholti.

6. Kosning eins fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins

Þar situr nú Harpa Vignisdóttir ásamt tveimur öðrum fulltrúum. Þeir ganga nú báðir út úr skólaráði en Harpa situr áfram. Fundurinn stingur upp á Nínu Faryna, Ásastíg, Flúðum. Skólaráð skipar svo fulltrúa grenndarsamfélagsins eða annað foreldri í það sæti sem enn er óskipað.

7. Lagabreytingar

Sigríður Björk les yfir ný endurskoðuð lög félagsins sem samin eru eftir leiðbeiningum sem samtökin Heimili og skóli hafa gefið út. Lagabreytingarnar samþykktar.

8. Önnur mál

- a. Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri, kveður sér hljóðs og þakkar Maríu Magnúsdóttur sérstaklega fyrir fórnfúst starf í þágu félagsins undanfarin ár. Kveðst sömuleiðis hlakka til samstarfs við sitjandi stjórn.

- b. Guðrún lýsir yfir áhyggjum á dræmri fundarsókn á aðalfundinn. Hvetur fundarmenn til að leggja höfuðið í bleyti varðandi það hvernig hvetja megi foreldra til að mæta á aðalfund. Ýmsar aðferðir ræddar, meira í gríni en alvöru. Fundur þessi hafði verið boðaður með tölvupósti frá skólanum og minnt hafði verið á hann með sms- skeyti til foreldra í dag og Facebook færslu á síðu skólans sömuleiðis. Fundarmenn lofa að láta sér detta eitthvað sniðugt í hug. Stjórnin þarf að vinna sérstaklega í þessu.

- c. María spyr um hefðir varðandi bekkjartengla/foreldratengla hvers árgangs í skólanum. Guðrún svarar fyrir það. Sú hefð virðist hafa orðið ofan á að stafrófsröð barnanna ráði því hvaða foreldrar séu í þessum embættum. Þannig séu allir foreldrar barnanna í hverjum árgangi í þessum embættum a.m.k. einu sinni á skólagöngu hvers barns. Í kjölfarið ræða fundarmenn um ýmsar leiðir sem þeir hafa haft spurnir af í slíku foreldrastarfi árganga.

d. Sigríður Björk, gjaldkeri, leggur fram umboð frá Arion banka til gjaldkera vegna reikninga félagsins og sömuleiðis samning um aðgang að netbanka. Stjórn veitir henni það og tveir fundarmanna votta réttar undirskriftir og dagsetningu.

Fundi slitið kl. 21:20

Mættir:

Stjórn: Sigríður, Valný og Karl,

Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri.

Auk þeirra: Sigfríð, Fríður, Elín, Jón Valgeirs, Heiða og Silke